

Rio Tinto á Íslandi hf.  
b.t. framkvæmdarstjóra  
Straumsvík, Ph 244  
222 Hafnarfirði

**Tegund skoðunar:** Takmörkuð úttekt 27.8.2018

**Staðsetning skoðunar:** Straumsvík, Ph 244

**Deild:** [REDACTED]

**Eftirlitsmaður:** [REDACTED]

**Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:**

Jakob Þór Jakobsson

**Upplýsingar tengdar heimsókn:**

Takmörkuð úttekt vegna vinnuslyss [REDACTED]

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]**

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

#### **Kynning**

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Tröppur að stjórnrymi vélarinnar II 0085 Hencon baðhreinsitæki sem merkt er 13FA04-10096 4 hafa orðið fyrir hnjaski og eru bognar auk þess sem endar þeirra eru hálar. Slíkt skapar hættu fyrir starfsmenn sem fara í og úr stjórnryminu þar sem tröppurnar eru aðeins 10 cm djúpar.

Fyrirmæli

Notkun á vélinni II 0085 Hencon baðhreinsitæki sem merkt er 13FA04-10096 4 er bönnuð þar til að viðgerð á tröppum hefur farið fram. Vinna á vélinni er óheimil nema að fengnu samþykki Vinnueftirlits.

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

5. gr.

Forvarnir:

Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota innan fyrirtækisins hæfi verkinu sem inna skal af hendi eða sé hæfilega lagað að verkinu, þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hætta búin.

Í lögum nr 46/1980 segir svo:

85. gr.

Telji Vinnueftirlitið að veruleg hættu sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn. Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

**Athugasemd 2 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Flestar vinnuvélar í kerskála eru þeim annmörkum háð að fara þarf upp stiga/tröppur til að komast eða fara úr stjórnklefa. Tröppur og stigaendar verða með tíð og tíma fyrir margskonar hnaski og slitfletir eyðast sem skapar talverða hættu á fallslysum.

Fyrirmæli

Fara skal yfir stiga og tröppur vinnuvéla í kerskála með það að leiðarljósi að draga úr hættu á fallslysum úr tröppum /þrepum.

Veittur frestur:

20.9.2018

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

Leiðbeiningar:

5. gr.

Forvarnir.

Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota innan fyrirtækisins hæfi verkinu sem inna skal af hendi eða sé hæfilega lagað að verkinu, þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hættu búin.

Ennfremur segir í 10.gr reglugerðarinnar 2.málgrein :

Þegar öryggi tækja kann að minnka við tiltekna aðstæður þannig að áhætta á vinnustað eykst skal atvinnurekandi sjá til þess að sá sem annast skoðun tækis skv. 1. mgr. skoði og þegar við á prófi tækið með reglulegu millibili til að tryggja að öryggis og hollustuhátta sé gætt og unnt sé að gera við skemmdir í tíma. Enn fremur skulu fara fram sérstakar skoðanir í þeim tilvikum þegar atvik eiga sér stað sem geta haft áhrif á öryggi tækjanna, svo sem ef breytingar á tæki hafa verið gerðar, slys eða náttúruhamfarir hafa átt sér stað eða tækin hafastaðið lengi ónotuð.

**Athugasemd 3 - Vinnuverndarstarf**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fyrirtækið hefur gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði en hún á meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir.

Fyrirmæli

Endurmeta skal áhættumat fyrirtækisins með tilliti til þess slyss er varð og gera úrbætur í samræmi við það.

Veittur frestur:

20.9.2018

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

37 08 2018

Dagsetning og undirskrift eslirlitsmanns

**Andmælaréttur**

Samkvæmt 13. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við efvinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlausar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

**Áfrýjun úrskurða**

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.